

Gljúfurá í Húnaþingi
Yfirlit um athuganir og laxrækt 1985-1996


Tumi Tómasson

Hólum, maí 1997

VMST-N/97005

Eintak bókasafns

VMST-N/97005



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Norðurlandsdeild


Gljúfurá í Húnaþingi
Yfirlit um athuganir og laxrækt 1985-1996

Tumi Tómasson

Hólum, maí 1997

VMST-N/97005

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn



Veiðimálastofnun
Norðurlandsdeild

Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími: 453 6599
Fax: 453 6694

Gljúfurá í Húnaþingi

Yfirlit um athuganir og laxrækt 1985-1996

Inngangur

Gljúfurá er dragá sem fellur í Hópið (Mynd 1). Hún er um 30 km löng og er vatnasvið hennar um 107 km² og meðalrennsli um 0.7 m³/s. Um 1.5 km fyrir ofan ós árinna var ólaxgengur foss og aðrir tveir nokkrum hundruð metrum ofar, skammt fyrir neðan Þjóðvegsbrúna. Laxastigar voru byggðir í þessa fossa á árunum 1990 og 1991. Um aðrar gönguhindranir fyrir lax eða silung er ekki að ræða fyrr en nalgast upptök árinna, þótt litlir fossar og flúðir á þessum kafla komi í veg fyrir eðlilega dreifingu seiða fram ána á sumum stöðum.

Ofan fossa er að finna staðbundinn urriða, en hann er þar í litlu magni. Urriðar ná yfirleitt 15-20 cm lengd utan einstaka fiskar sem komast upp á lag með að éta seiði sem verða stærri. Ekki er þó um það að ræða að þessi stofn geti staðið undir neinni veiði sem nokkru nemur og voru veiðihlunnindi á ófiskgengum hluta árinna því nánast engin.

Í mörg ár var lögð áhersla á að sleppa vorgömlum seiðum úr eldisstöð á ólaxgeng svæðiárinna, bæði til að kanna hve vel þau döfnuðu í ánni og einnig til að auka laxgengd í neðsta hluta árinna. Á árunum 1979-1981 var árlega sleppt í ána um 4000 sumaröldum laxaseiðum og voru afdrif þeirra könnuð í rafveiðum haustin 1981 og 1982 (Sigurður Már Einarsson og Sigurður Guðjónsson 1983).

Aftur var sleppt smáseiðum í ána sumarið 1983 og afdrif þeirra könnuð í rafveiðum 7. júlí 1984 (Tumi Tómasson 1985). Þá kom í ljós að vöxtur seiða var nokkuð góður, en enn voru þó í ánni seiði frá sleppingunni 1981 og voru flest seiði sem veiddust þá á ólaxgenga svæðinu úr þeirri sleppingu. Mörg þeirra virtust hins vegar vera við það að komast í göngubúning, en ljóst var að göngutími seiða af ólaxgenga svæðinu var nokkuð seinni en göngutími seiða úr nálægum laxám. Er þetta talin helsta ástæða þess hve seint lax gengur upp í Gljúfurá.

Frá árinu 1984 hefur flest ár verið sleppt smáseiðum í ána og á árunum 1989-95 var einnig sleppt í ána gönguseiðum (Tafla 1). Sumarið 1984 var sleppt í ána 4000 smáseiðum og var 2000 seiðum sleppt á svæðið frá Þjóðvegsbrú og fram undir Miðhópssel, en á þessum kafla fellur áin víðast í grunnu gljúfri og skiptast á grýtt svæði og klapparbotn. Afganginum var sleppt á um 2 km kafla fram að Selkvísl eins og oftast áður. Rúmlega helmingur seiðanna var merktur með kviðuggaklippingu og átti að kanna áhrif sleppistaðar á göngutíma og heimtúr. Reyndin varð þó sú að lítið varð úr kerfisbundinni skráningu á veiði og veiðialagi næstu árin, en veiðin var þó almennt

frekar rýr, líklega 20-30 laxar árlega eða jafnvel enn minni. Skráning veiðinnar hefur verið regluleg frá árinu 1990 og hefur veiðin á þessum árum sveiflast mikið. Hún varð best 101 lax 1992 en lökust sumarið 1994 þegar einungis veiddist 21 lax (Tafla 2).

Tafla 1. Yfirlit yfir seiðasleppingar í Gljúfurá árin 1986 til 1996. Árin 1979 til 1985 var sleppt um 4000 smáseiðum á hverju ári á ólaxgeng svæði

Ár	Gönguseiði	Smáseiði
1996	-	-
1995	1750	-
1994	1000	3000
1993	5000	-
1992	2200	2000
1991	1700	3900
1990	1000	3000
1989	3000	2000
1988	-	6000
1987	-	4000
1986	-	1600

Tafla 2. Laxveiði í Gljúfurá samkvæmt skýrslum sem sendar hafa verið Veiðimálstofnun.

Ár	Laxveiði			Bleikja	Urriði
	smálax	stórlax	samtals		
1996	28	13	41	41	9
1995	21	5	26	192	1
1994	16	5	21	6	26
1993	48	19	67	1	7
1992	73	28	101	75	19
1991	30	27	57	273	5
1990	20	6	26	1	3
1989					
1988	12	13	25	0	1

Frá árinu 1984 hafa afdrif sleppiseiða og þrif og útbreiðsla náttúrulegra seiða verið könnuð flest árin og hafa þessar athuganir verið all ítarlegar síðustu árin. Oft var formaður veiðifélagsins, Björn Magnússon á Hólabaki, með þegar þessar athuganir fóru fram, en ekki var gerð skrifleg grein fyrir niðurstöðum nema árið 1994, en þá var skrifað bréf og lagt til að sleppt yrði smáseiðum í fremsta hluta árinna, fyrir framan Selkvísl.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rafveiða á tímabilinu frá 1985-1996 og þeirri þróun sem átt hefur sér stað á þessum árum. Útbreiðsla og þríf laxaseiða er mjög háð botngerð og hitafari árinna og því verður ánni fyrst lýst með tilliti til uppeldisskilyrða fyrir laxaseiði.

Lýsing á ánni

Sé á laxgeng er það fyrst og fremst hitafar, botngerð og rennsli sem ráða mestu um útbreiðslu árganga, en þríf þeirra ráðast einnig af frjósemi árinna og þéttleika seiða.

Ánn hefur verið skoðuð frá ósi og um 1 km fram fyrir Svínadalsá. Lengd loftlínu milli þessara staða er um 14 km, en líklega er ánn sjálf nær 16 km löng á þessu svæði. Sá kafli sem skoðaður hefur verið fyrir framan Svínadalsá er mjög grýttur og fallegur. Botn er þar stöðugur og ánn sæmilega frjósöm. Ekki er annað að sjá en að botngerð sé svipuð áfram a.m.k. næstu 1-2 km fram eftir. Á þessum kafla er ánn í um 220-250 metra hæð yfir sjávarmáli.

Svínadalsá kemur úr Víðidalsfjalli og á sér fremur stuttan aðdraganda. Líklegt má telja að snjóbráð kæli hana töluvert fyrri hluta sumars og er greinilegt að Gljúfurá er ekki eins frjósöm fyrst eftir að Svínadalsá kemur saman við hana. Svínadalsá ber fram töluvert af mól og skammt fyrir neðan ármótin er malarbotn víðast ríkjandi í Gljúfurá og situr mól að stærri steinum sem í ánni eru þannig að lítið er um fylgsni fyrir seiði milli steina. Þessu lík er ánn á um 1.5 km kafla og skilyrði fyrir laxaseiði eru þar fremur rýr. Þá kemur að tveimur litlum fossum í ánni, en fyrir neðan þá er ánn aftur heldur hallameiri og botngerðin fremur grýtt og þar eru góð skilyrði á um 1 km kafla. Þar fyrir neðan er klapparbotn víðast ríkjandi eða grunnt niður á klöpp og fellur ánn í grunnu gljúfri á um 2 km kafla, allt niður að ármótum Selkvíslar. Víða eru stallar og litlir fossar í ánni á þessum kafla og fyrir neðan þá er víða stórgrýtt og skjólgott. Þarna eru því á nokkrum afmörkuðum stöðum góð skilyrði fyrir laxaseiði. Hins vegar eru hrygningarskilyrði ekki fyrir hendi og seiði geta ekki gengið fram gilið.

Fyrir neðan Selkvísl er ánn aftur sæmilega grýtt. Þar er víða mosi í botni og skjólgott, en eftir því sem neðar dregur verða botnefnin finni og botninn skjólminni. Þótt víða sé staksteinótt liggur mól að öllum steinum og því er fremur skjóllítið fyrir seiði nema helst á brotum. Tæpum 2 km neðar, skammt fyrir neðan réttina, er klapparhaft í ánni og þar fyrir neðan eykst halli hennar á ný og skilyrði fyrir laxaseiði batna. Þar skiptast á falleg grýtt svæði, malarbotn og klapparhöft á um 1.5 km kafla. Á þessum kafla eru skilyrði fyrir laxaseiði víðast góð. Síðan fellur ánn í litlu gljúfri á u.þ.b. 3-3.5 km kafla og segja má að uppeldisskilyrði fyrir lax séu áfram svipuð og í heildina góð.

Fyrir neðan gilið tekur við fremur stuttur en fallegur smágrýttur kafli (þar sem sleppitjarnirnar eru), en síðan verður ánn staksteinótt og finni mól ríkjandi þar til aftur kemur skjóllitill klapparbotn allt niður að efri laxastiganum. Lengd árinna frá gílinu að laxastiganum er um 1.7 km. Milli stiganna er ánn grýtt og falleg og svo er einnig á um 1 km kafla fyrir neðan neðri laxastigann, eða þar til kemur niður fyrir veiðihúsið. Fljótlega eftir að gílinu sleppir verða botnefnin finni og smágerð mól er ríkjandi botnefni síðustu 500 m niður í Hóp.

Hvernig mismunandi svæði nýtast til gönguseiðaframleiðslu fer mikið eftir ásetningi og tíðarfari og samverkun þessara þátta. Það má þó nota þessa lýsingu til að gera sér grein fyrir innbirðis mikilvægi búsvæða á mismunandi köflum árinna, en slíkt er forsenda þess að hægt sé að meta áhrif þess ef ákveðin svæði eru seiðatóm og hvort borgi sig að grípa til sleppinga þar sem þannig stendur á og þá í hvaða þéttleika væri réttast að sleppa. Í Töflu 3 er sett fram þessi fyrsta nálgun á framleiðslugetu og innbirðis mikilvægi mismunandi svæða. Gískað er á breidd árinna, en hún hefur ekki verið nákvæmlega mæld. Botngerð er gefin einkunn frá 0.3 upp í 1.0 eftir því hve vel hún hentar laxi og annar stuðull fyrir frjósemi er áætlaður. Byggir hann að mestu á hæð yfir sjó og er 1.0 fyrir fyrstu 100 metrana en lækkar síðan um 0.1 fyrir hverja 100 m. Að auki er tekið tillit til stöðugleika botnsins og rofs sem er metið til lækunar fyrir neðan Svínadalsá. Fjöldi búsvæðaígilda fæst síðan með því að margfalda fjölda 100 m² einiga með stuðlunum tveimur.

Tafla 3. Áætluð stærð uppeldissvæða í Gljúfurá og framleiðslugeta þeirra fyrir laxaseiði eftir botngerð, hæð yfir sjó og frjósemi.

Svæði	Flatarmál (l x b, m)	Botngerð (stuðull)	Hæð yfir sjó (m)	Frjósemi (stuðull)	Búsvæða- ígildi
fyrir framan Svínadalsá	5000 x 10	grýtt, 1.0	220-250	0.7	350
Svínadalsá - “tvífossar”	1500 x 12	smágrýtt - möl og stak- steinótt, 0.5	200 - 210	0.6	55
“Tvífossar” - gljúfur	1000 x 15	grýtt, 0.8	190 - 200	0.8	95
gljúfur - Selkvísl	2000 x 15	klöpp, stak- steinótt, möl, 0.5	170 - 190	0.8	120
Selkvísl - rétt	2000 x 15	smágrýtt, möl og stakstein- ótt, 0.4	160 - 170	0.9	110
rétt - sleppitjörh	4500 x 15	grýtt, klöpp í bland, 0.7	100 - 160	0.9	425
sleppitjörn - efri laxastigi	1700 x 20	smágrýtt, klapparbotn, 0.5	60 - 100	1.0	170
laxastigi - veiðihús	1000 x 20	grýtt gil, 0.8	20 - 60	1.0	160
veiðihús - ós	700 x 15	fingerð möl, 0.15	5n - 20	1.0	15

Niðurstöður rafveiða 1985-1996

Á árunum 1985-1996 var rafveitt á hverju ári utan ársins 1988 og þá fyrst og fremst til að fylgjast með afkomu sleppiseiða á ólaxgengum hlutum árinna. Jafnframt var ávalt rafveitt á einum stað á laxgenga hlutanum. Staðir sem eru líklegir til að geta fósrað laxaseiði voru rafveiddir, en oftast er jafnframt reynt að veiða á stöðum sem eru nokkuð dæmigerðir fyrir ákveðinn kafla árinna. Oftast er reynt að veiða á því sem næst sömu stöðum milli ára, en tveir veiðistaðir á tveimur köflum árinna voru breytilegir milli ára. Helstu rafveiðistaðirnir eru merktir inn á kort, en þeim er lýst nánar í Töflu 4.

Tafla 4. Helstu rafveiðistaðir í Gljúfurá á árunum 1985-1996.

Staður 1	Um 300 m fyrir framan ármót Svínadalsár. Stórgrýttur botn, stöðugur og býður upp á góð uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði
Staður 2	Um 2 km fyrir neðan ármót Svínadalsár. Staksteinótt, en fremur skjóllítið þar sem smágerð mól situr að steinum.
Staður 3	Ofarlega í gílinu, um 2 km fyrir framan Selkvísl. Klapparbotn, en grýtt svæði undir flúðum.
Staður 4	Skammt fyrir neðan ármót Selkvíslar. Smágrýttur botn og vel gróinn. Gott laxabúsvæði, einkum fyrir miðlungs stór seiði (6-9 cm).
Staður 5	Fyrstu árin var veitt um miðja vegu milli réttarinnar og Selkvíslar, á broti í kvísl að vestan (5a), en síðar var farið að veiða um 1 km neðar, við réttina, skammt fyrir neðan klapparhaft (5b). Smágrýttur botn.
Staður 6	Í gílinu fyrir neðan Uppsali. Valinn grýttur og fallegur kafla til veiðinnar.
Staður 7	Þessi staður hefur verið nokkuð á reiki. Stundum er veitt fyrir neðan foss sem er skammt fyrir ofan þjóðveginn (7b). Þar er finnar malarbotn fyrir neðan hylinn undir fossinum, en neðar er skjóllítill klöpp í botni nema í grjóti við vesturlandið. Önnur skipti, og þá einkum hin síðari ár, hefur verið veitt nokkuð ofar þar sem áin kemur úr gili og sleppitjarnir hafa verið gerðar. Þetta svæði er smágrýtt og jafnbetra en neðri veiðistaðurinn.
Staður 8	Á milli laxastiganna, grunnt og fremur grýtt.
Staður 9	Skammt fyrir neðan veiðihúsið. Þar er grýtt, en skammt þar fyrir neðan dregur mjög úr halla árinna og botngerðin verður fin og skjóllítill.

Niðurstöður rafveiða eru teknar saman í Mynd 2 og veiði laxaseiða eftir árgangi fyrir árin 1994-96 eru jafnframt settar fram í Töflu 5.

Tafla 5. Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri á hverja 100 m² á mismunandi rafveiðistöðum í Gljúfurá árin 1994 til 1996.

10/7 1994:

Staður	Stærð (m ²)	Fjöldi veiddra laxaseiða			
		0+	1+	2+	3+/4+
1	50x12	-	-	0.7	-
2	50x12	-	-	-	-
3	40x15	-	-	-	-
4	60x10	-	2.7	0.3	0.2
5a	40x6	-	4.2	2.5	-
5b	50x5	-	10.8	0.4	-
6	40x8	-	8.1	-	-
7a	50x8	-	1.0	0.8	-
8	40x5	-	6.0	0.5	-
9	30x10	-	1.0	1.0	3.0

2/8 1995:

Staður	Stærð (m ²)	Fjöldi veiddra laxaseiða			
		0+	1+	2+	3+/4+
1	50x12	-	0.8	-	0.3
2	35x12	-	1.4	-	-
4	30x10	-	5.0	3.0	1.0
5b	30x7	0.6	-	4.0	0.3
6	30x10	-	0.7	12.7	-
7a	20x16	-	2.8	11.6	0.3
7b	30x10	-	0.3	9.0	1.3
8	20x15	-	-	6.3	-
9	32x12	3.9	2.9	5.7	0.8

2/8 1996:

Staður	Stærð (m ²)	Fjöldi veiddra laxaseiða			
		0+	1+	2+	3+/4+
2	50x10	-	-	1.4	-
3	40x15	-	-	1.0	-
4	50x10	-	0.4	3.4	1.0
5b	40x11	0.2	10.9	-	3.2
6	30x12	-	1.1	0.3	12.5
7a	40x10	-	-	1.0	5.0
8	40x12	-	0.2	-	4.8
9	25x15	-	4.5	3.7	1.1

Seiði sem sleppt er í Gljúfurá eru almennt 2-3 ár að ná sjóþroska. Þetta er fremur hægur vöxtur. Afrakstur smáseiðasleppinga er í öfugu hlutfalli við dvalartíma í fersku vatni og því er brýnt að passa upp á að ekki sé sleppt of þétt og að sleppt sé samilega vænum seiðum. Því stærri sem seiði eru því betur geta þau þrífist í tiltölulega köldu vatni.

Víða er botngerð slík að hún hentar betur smáum seiðum en stórum og við slíkar aðstæður er samkeppnisstaða stærri seiða veik gagnvart smærri seiðum og sterkur árgangur getur við slíkar aðstæður haft mjög neikvæð áhrif á þríf eldri seiða. Því var það að frá árinu 1986 var farið að sleppa annað hvort ár á mismunandi svæði á ólaxgenga hlutanum.

Sumarið 1990 var byggður laxastigi í neðsta fossinn og hann opnaður um haustið. Verkið tókst vel og gekk lax strax upp stigann og fundust vorgömul seiði sumarið eftir í rafveiðum á milli stigana (Mynd 2, staður 8 1991). Sumarið 1991 voru efri fossarnir gerðir laxgengir og það haust hefur lax hrygnt víða fram í á. Seiði úr klakárganginum frá 1992 (hrygning haustið 1991) fundust síðar í rafveiðum allt fram að Selkvísl (sjá útbreiðslu 1+ seiða 1993 og 2+ seiða 1994 á Mynd 2). Hrygning ofan stiga hefur verið árviss síðan efri stigarnir voru opnaður síðsumars 1991 og hefur árgangurinn úr hrygningu haustið 1992 (klak 1993) náð mestri útbreiðslu og hefur sá árgangur verið ríkjandi í ánni ofan stiga síðan (sjá veiði 1+ seiða 1994, 2+ seiða 1995 og 3+ seiða 1996 á Mynd 2). Hrygning ofan stiga varð mun minni og ekki eins dreifð haustin 1993 og 1994. Þannig fannst klakárgangurinn frá 1994 í rafveiðunum 1995 á stað 4 (fyrir neðan Selkvísl) og 7a (við sleppitjörn), en ekki þar á milli og hafði útbreiðsla þess árgangs lítið breyst ári síðar (sjá 2+ seiði í rafveiðum 1996, Mynd 2). Klakárgangurinn frá 1994 fannst hins vegar í mestu magni við réttina (staður 5b, sjá 1+ seiði 1996), en í óverulegu magni á öðrum stöðum. Gera má ráð fyrir að hann eigi eftir að dreifast upp ána, fram að Selkvísl.

Vöxtur seiða á laxgenga svæðinu (staður 9) hefur ávalt verið fremur hægur og flest seiði virðast þurfa að dvelja 4 ár í ánni áður en sjóþroska er náð. Mjög virðist hafa dregið úr hrygningu á neðsta svæðinu eftir að laxastigarnir voru báðir komnir í gagnið og haustið 1992 þegar hrygning varð mest fyrir ofan stiga er ekki að sjá að nein hrygning hafi orðið á neðsta kaflanum sem ávalt hefur verið laxgengur (engin 0+ seiði á stað 9 1992 né 1+ seiði 1993, Mynd 2). Fyrst í stað var vöxtur seiða mun betri á svæðinu fyrir ofan laxastigana en neðan þeirra, en þetta breytist með klakárganginum frá 1993 sem var svo útbreiddur og fjölfiðaður ofan stigans. Nú er vöxtur seiða svipaður allstaðar þar sem er náttúruleg hrygning laxa í Gljúfurá. Lax hefur hrygnt fram undir Selkvísl, en laxaseiði út náttúruklaki hafa til þessa ekki fundist fyrir framan ármótin.

Umræða

Ekki eru til áreiðanlegar upplýsingar um veiði í Gljúfurá fyrir 1990, en talið er að laxveiði hafi sjaldan farið mikið yfir 20. Ekki er vitað um uppruna þeirra laxa sem þá veiddust, en vera má að þeir hafi aðallega verið af sleppiuppruna. Hrygning á laxgenga hlutanum virðist yfirleitt hafa orðið of mikil miðað við uppeldisskilyrði og það hve lítil hrygning virðist hafa átt sér stað þar síðan stigarnir voru byggðir, og engin haustið

1992 þegar metveiði var í ánni, styrkir þá tilgátu. Árlegar sleppingar á sömu svæði eins og tíðkuðust frá 1979-1986 hafa án efa rýrt árangur seiðasleppinga, en þó er óraunhæft að ætla að þær hafi geta skilað meira en 0.5-1.0 % heimtum í veiði, sérstaklega þar sem stór hluti sumra sleppinga virtist þurfa að dvelja 3 ár í ánni áður en sjóþroska var náð. Með greiningu hreistursýna hefði mátt sjá uppruna veiddra laxa, en mjög lítið hefur verið safnað af hreistursýnum. Af 9 sýnum af smálöxum sem voru tekin af veiðinni 1992 voru sex úr gönguseiðasleppingu 1991, tvö úr smáseiðasleppingum 1988 og eitt úr náttúrklaki í ánni. Samkvæmt því voru 49 smálaxar sem veiddust árið 1992 úr sleppingu 1700 gönguseiða sumarið 1991, 16 úr sleppingu 6000 smáseiða 1988 og átta úr náttúrklaki sumarið 1987, en sýnastærðin er of smá til að á henni sé mikið að byggja annað en að gönguseiðasleppingin 1991 virðist hafa gefist vel og mun betur en gönguseiðasleppingar bæði fyrr og síðar.

Ef við gerum ráð fyrir að hvert "búsvæðaígildi" geti framleitt 2-4 gönguseiði á ári þá væri árleg gönguseiðaframleiðsla um 3000-6000 seiði. Heimtur úr hafi s.l. tíu ár hafa verið á bilinu 1.5-4.5% á Norðurlandi miðað við stangveiddan lax og samkvæmt því ætti árleg laxveiði í Gljúfurá að geta orðið 45-270 laxar. Þetta gæti verið full mikil bjartsýni miðað við veiðina hingað til og sleppingar síðustu 15 árin. Hrygning laxa hefur hingað til ekki fundist fyrir framan Selkvísl, en ég tel að á því svæði sé um 40% af framleiðslugetu árinna fyrir laxaseiði. Verði svo áfram þyrfti að sleppa á það svæði um 4-5000 seiðum árlega til að fullnýta þau. Þá er miðað við að sleppt sé u.þ.b. 15 seiðum á hvert búsvæðaígildi annað hvert ár séu seiðin væn og nái sjóþroska eftir tvo vetur í ánni. Séu seiðin hins vegar smá eða tíðarfar mjög óhagstætt þannig að dvalartími seiða verði þrjú ár ætti að miða við að sleppa seiðum einungis þriðja hvert ár á hvert svæði.


Sum svæði í ánni henta bleikju mun betur en laxi. Á það einkum við um u.þ.b. 2 km langan kafla fyrir neðan Svínadalsá og Svínadalsá sjálfa, hluta Selkvíslar og um 1-2 km kafla fyrir ofan réttina. Ég tel það vænlegan kost að reyna að koma bleikju í Gljúfurá einnig, því hún gæti vegið þungt, einkum í árum þegar laxgengd er léleg. Farið var með hrygningarbleikju úr Víðidalsá fram í Selkvísl haustið 1995, en ekki er vitað hvernig til tókst.

Á næstu árum mun koma í ljós hvaða væntingar raunhæft er að gera til Gljúfurár sem laxveiðiár, en ég á von á að töluverð aukning verði í laxveiðinni sumrin 1997 og 1998. Telji menn það hagkvæmt, miðað við þær forsendur sem hér eru settar fram, þarf að fylgjast með útbreiðslu og þrífum seiða í Gljúfurá til að tryggja að uppeldissvæði séu fullnýtt og grípa til sleppinga smáseiða þegar ástæða er til. Jafnframt er mikilvægt að safna góðum gögnum um veiðina og taka hreistursýni af veiddum löxum til að hægt sé að meta hvaða árangri seiðasleppingar skila og hvort þær borgi sig.


Heimildir

Sigurður Már Einarsson og Sigurður Guðjónsson 1983. Árangur seiðasleppinga ofan fossa í Gljúfurá. Skýrsla Veiðimálastofnunar, 4 bls.


Tumi Tómasson 1985. Athugun á Gljúfurá 1984. Skýrsla Veiðimálastofnunar, 3 bls.




Mynd 1. Yfirlitskort af Gljúfurá. Helstu rafveiðistaðir eru merktir inn á kortið.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum 1985 til 1996.




Mynd 2, frh. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum 1985 til 1996.




Mynd 2, frh. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum 1985 til 1996.


Fjöldi



Mynd 2, frh. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum 1985 til 1996.



Mynd 2, frh. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum 1985 til 1996.



Mynd 2, frh. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum 1985 til 1996.